

Viltu drekka kaffibolla með mér? Kynning

Kæri félagi,

Fyrst af öllu þá vil ég segja þér að ég ætla að vera í lobbýinu á Hilton hótél Nordica á mánudaginn 13. apríl á milli kl. 18 og 19 ef þú vilt hitta mig í kaffisþjalli. Væri gaman að sjá þig 😊

Aðeins um mig:

Ég bý í Vesturbæ Reykjavíkur ásamt eiginmanni mínum sem er sænskur og starfar sem flugvirki og bráðum 15 ára gömlum syni okkar og einum gulum gára.

Ég er uppalin í Breiðholtinu ásamt systur minni, á franskan föður og hálf íslenska og hálf norska móður. Ég gekk í Ísaksskóla, Seljaskóla, Kvennaskólann í Reykjavík fór þaðan í Háskólann á Akureyri í kennaranám sem ég lauk svo við Kennaraháskóla Íslands með lokaritgerð um ADHD. Við tók kennsla meðal annars í Laugarnesskóla en svo kölluðu ævintýrin á mig og ég gerðist flugfreyja hjá Air Atlanta og þvældist og bjó um allan heim. Í starfi mínu sem flugfreyja starfaði ég með fjölda fólks með ólíkan menningarbakgrunn, siði og venjur sem var mjög lærdómsrík og góð lífsreynsla. Þá heimsótti ég og bjó í löndum þar sem mannréttindi voru fótum troðin sem gerði það að verkum að ég fékk mikinn áhuga á mannréttindabaráttu og gerði mér enn betur grein fyrir mikilvægi þess að samfélag skuli vera byggt á jöfnuði þar sem gildi mannréttinda og velferðar séu höfð til grundvallar. Þetta starf hafði verulega mótandi áhrif á mig sem unga konu.

Þegar flakkinu lauk og heim var komið þá fór ég að starfa sem ritari borgarstjóra með þremur borgarstjórum og kynnist borgarkerfinu vel og fékk þá áhuga á opinberri stjórnýslu. Ég lauk diplómagraðu í opinberri stjórnýslu frá Háskóla Íslands en lauk svo meistaranámi (MPA) þaðan núna í febrúar síðastliðnum. Frá borginni fór ég svo til Seltjarnesbæjar þar sem ég sinnti stöðu fræðslu- og menningarfulltrúa og í framhaldinu gerðist ég svo framkvæmdastjóri ADHD samtakanna. Við tóku svo nokkur ár í störfum tengdum réttindabaráttu ýmissa hópa svo sem formaður Öryrkjabandalags Íslands, formaður Mannréttindaskrifstofu Íslands, framkvæmdastýra Barnaheilla og fleira ásamt því að bjóða mig fram til þjónustu við borgarbúa þar sem ég hlaut sæti varaborgarfulltrúa en því tímabili lýkur nú 16. maí.

Ég hef mikla reynslu af réttindabaráttu, samtali og samningaviðræðum henni tengdri og vil gjarnan bjóða fram krafta mína og reynslu til að vinna að auknum réttindum og betri hag félagsfólks Visku. Það geri ég meðal annars með því að hlusta á félagi og vil því gjarnan hitta þig í kaffisþjalli eða heyra frá þér.

Þá minni ég á að rafræn kosning stendur yfir frá hádegi til hádegis dagana 9.-16. apríl.

Kærust kveðja,

Ellen Calmon 694 7864

calmonellen@gmail.com